



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

SINFÓNÍAN Í EYJUM



1. MARS 2017

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd verka:

Slavneskur dans: 4'

Oddgeirssyrpa: 6'

Fiðlukonsert: 35'

Sinfónía: 35'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

TÓNLEIKAR Í ÍPRÓTTAMÍÐSTÖÐ VESTMANNAEYJA

LANDSHORNA Á MILLI VESTMANNAEYJAR

Bjarni Frímann Bjarnason
hljómveitarstjóri

Sigrún Eðvaldsdóttir
einleikari

EFNISSKRÁ

Antonín Dvořák
Slavneskur dans op. 46 nr. 1 (1878)

Oddgeir Kristjánsson
Oddgeirssyrpa (úts. Magnús Ingimarsson, 1971)

Pjotr Tsjajkovskij
Fiðlukonsert í D-dúr op. 35 (1878)

Allegro moderato – Moderato assai
Canzonetta. Andante –
Finale. Allegro vivacissimo

HLÉ

Ludwig van Beethoven
Sinfónía nr. 4 í B-dúr, op. 60 (1806)

Adagio – Allegro vivace
Adagio
Allegro vivace
Allegro ma non troppo



KÆRU TÓNLEIKAGESTIR

Tónleikarnir í kvöld eru hluti af tónleikaferðalagi Sinfóníu-hljómsveitar Íslands landshorna á milli. Í fyrra lék hljómsveitin á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum en lokar nú hringnum hér í Vestmannaeyjum. Eins og ávallt þegar hljómsveitin leggur land undir fót er eftirvænting og gleði í hópnum og hljómsveitin í hátíðarskapi. Stjórnandi tónleikanna í kvöld er ungur og upprennandi hljómsveitarstjóri, Bjarni Frímann Bjarnason, sem þegar hefur vakið eftirtekt fyrir frammistöðu sína á stjórnendapallinum. Sigrún Eðvaldsdóttir, konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitarinnar og einleikari á tónleikunum, er ein af okkar virtustu tónlistarmönnum og þjóðinni afar kær. Efnisskráin er fjölbreytt og skemmtileg og gaman að geta flutt af þessu tilefni lagasyrpu Oddgeirs Kristjánssonar fyrir heimamenn, ásamt fiðlukonsert Tsjajkovskíjs og sínfóníu nr. 4 eftir Beethoven. Það er því óhætt að segja að Sinfóníuhljómsveitin sé með veislu í farangrinum.

Starfsemi hljómsveitarinnar hefur verið samofin Ríkisútvarpinu frá fyrstu tíð og tónleikum hljómsveitarinnar verið útvarpað beint á Rás 1 frá upphafi. Það eru því ekki aðeins tónleikagestir okkar í Eldborg sem njóta heldur hlusta einnig fjölmargir á beinar útsendingar hljómsveitarinnar í útvarpinu um land allt, á miðum úti og víðar. Síðustu misseri hefur hljómsveitin unnið að því að auka sýnileika á sjónrænum miðlum, svo sem með beinum sjónvarpsútsendingum og streymi á vef hljómsveitarinnar. Þannig hefur hljómsveitin nýtt tæknimöguleika til að streyma beint frá skólatónleikum sínum um land allt, en um fjórðungur af starfsemi hljómsveitarinnar er helgaður fræðslustarfi af ýmsum toga. Slík miðlun kemur þó aldrei í stað þess að fá að upplifa lifandi flutning tónlistarinnar og því nýtum við tækifærið í þessari ferð og bjóðum um 350 leik- og grunnskólabörnum Vestmannaeyja í 1.-5. bekk á skólatónleika þar sem við munum flytja fyrir þau ævintýrið um Maxímús Músíkús. Tónleikaferð sem þessi er þannig ómetanlegt tækifæri fyrir hljómsveitina til að komast í snertingu við tónlistarunnendur á öllum aldri um land allt.

Því hefur verið haldið fram að tónlist sé æðst allra lista. Það má með sanni segja að í sínfónískri list nái mannsandinn ákveðnu hámarki. Galdurinn við sínfóníur er sá að þau listaverk er hægt að endurskapa í lifandi flutningi hljóðfæraleikara hvar sem er. Til þess þarf bara stund og stað. Staðurinn í kvöld er Íþróttamiðstöð Vestmannaeyjar og stundin er okkar. Við sem fáum að njóta þurfum ekki annað en að hlusta og láta hrifast með. Góða skemmtun!

Arna Kristín Einarsdóttir, framkvæmdastjóri SÍ



BJARNI FRÍMANN BJARNASON

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Bjarni Frímanna Bjarnason er fæddur í Reykjavík árið 1989. Hann hóf að leika á fiðlu fjögurra ára gamall og stundaði nám hjá Lilju Hjaltadóttur og Guðnýju Guðmundsdóttur. Hann lauk prófi í lágfiðluleik frá Listaháskóla Íslands vorið 2009. Hann stundaði nám í hljómsveitarstjórn undir handleiðslu Fred Buttkewitz við Tónlistarháskólann Hanns Eisler í Berlín. Vorið 2012 vann hann fyrstu verðlaun í Hanns Eisler-keppninni í Berlín fyrir frumflutning á píanótilbrigðum eftir Viktor Orra Árnason. Sama ár hlaut hann undirleikaraverðlaunin í ljóðasöngkeppni sem kennd er við Paulu Salomon-Lindberg í sömu borg.

Bjarni hefur komið fram víðsvegar um Evrópu, bæði sem strengja- og hljómborðsleikari. Hann stjórnar strengjasveitinni Skark, sem hefur á undanförunum árum staðið fyrir nýstárlegum flutningi nútímatónlistar, en hefur einnig stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands og Kammersveit Reykjavíkur.



SIGRÚN EÐVALDSDÓTTIR

EINLEIKARI

Sigrún Eðvaldsdóttir hóf fiðlunám hjá Gígju Jóhannsdóttur en lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1984 undir handleiðslu Guðnýjar Guðmundsdóttur og bakkalárgráðu frá Curtis-tónlistarháskólanum í Fíladelfíu 1988. Hún hefur tekið þátt í fjölda alþjóðlegra fiðlukeppna; varð í öðru sæti í Leopold Mozart-keppninni árið 1987, hlaut bronsverðlaun í Sibelíusar-keppninni árið 1990 og önnur verðlaun í Carl Flesch-keppninni árið 1992. Sama ár hlaut hún bjartsýnisverðlaun Brøste. Hennar er getið sem eins af áhugaverðustu fiðluleikurum framtíðarinnar í bók Henrys Roth, *Violin Virtuosos from Paganini to the 21st Century*.

Sigrún hefur gegnt stöðu 1. konsertmeistara Sinfóníu-
hljómsveitar Íslands frá árinu 1998 og margoft komið fram
sem einleikari með hljómsveitinni. Árið 1998 var Sigrún sæmd
riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf sín á sviði
tónlistar.



ANTONÍN DVOŘÁK

SLAVNESKIR DANSAR OP. 46

Þjóðerniskennd efldist til muna á 19. öld og með henni sú skoðun að listin skyldi bera einkenni þeirrar þjóðar sem fósttraði hana. Um þetta leyti tóku tónskáld í ýmsum löndum að skapa tónverk í þjóðlegum anda, allt frá einföldum útsetningum upp í sinfóníska smíði og óperur. Slík verk efldu þjóðarvitundina heima fyrir en vöktu einnig áhuga utanlands. Þegar vel tókst til náði hún metsölu, ekki síst smálög sem hentuðu áhugafólki. Í hinum smærri ríkjum álfunnar spratt þjóðleg tónsköpun fyrst og fremst úr pólitískri þörf; þær raddir urðu háværari sem kröfðust sjálfstæðis smáríkja og sameiningar þjóða sem töluðu sama tungumál. Þessi krafa grundvallaðist meðal annars á listsköpun þjóðanna og menningararfi. Þjóðartónskáld lögðu baráttunni lið og urðu táknmynd sjálfstæðis í menningarlegum skilningi.

Antonín Dvořák (1841–1904) var eitt helsta þjóðartónskáld Bæheims, sem nú er í Tékklandi en var þá hluti af hinu víðfeðma austurríska keisaradæmi. Hann ólst upp í sveitum Bæheims og hóf feril sinn sem organisti og víóluleikari, meðal annars í hljómsveit óperuhússins. Að því kom að hann sagði starfi sínu lausu til að einbeita sér að tónsmíðum, og hagur hans vænkaðist þegar hann hlaut styrk til þeirra starfa frá austurríska ríkinu á árunum 1874–76. Svo vel vildi til að í dómnefnd áttu sæti tveir mektarmenn tónlistarlífs í Vínarborg, Eduard Hanslick og Johannes Brahms, sem heillaðist svo af tóntaki unga mannsins að hann tryggði honum umsvifalaust samning við forleggjara sinn.

Sá iðraðist ekki samningsins því að útgáfan hitti beint í mark: *Slavneskir dansar* op. 46 fyrir fjórhent píanó. Hér reri Dvořák á svipuð mið og Brahms í *Ungverskum dönsum* sínum nokkrum árum fyrr, og vinsældirnar voru slíkar að annar flokkur slavneskra þjóðdansa fylgdi á eftir. Hér í kvöld hljómar fyrsti dansinn sem er tilþrifamikill *furiant*, líflægur tékkneskur þjóðdans.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Slavneskir dansar Dvořáks hafa hljómað hér á landi í ýmsum myndum gegnum tíðina. Björn Ólafsson og Árni Kristjánsson léku fyrsta dansinn á tónleikum árið 1939 og Adolf Busch lék nokkra þeirra á tónleikum sínum hér haustið 1945. Hljómsveitargerðir dansanna hljómuðu einnig af og til á árum áður. Útvarpshljómsveitin lék einn dansanna undir stjórn Þórarins Guðmundssonar 1949 og Sinfóníuhljómsveitin lék slavneskan dans nr. 8 í hátíðarsal Háskólans 1957.



ODDGEIR KRISTJÁNSSON

ODDGEIRSSYRPA

Oddgeir Kristjánsson (1911–1966) var eitt vinsælasta söngvaskáld Íslendinga á 20. öld og vann ómetanlegt starf við uppbyggingu tónlistarlífs í Eyjum. Hann var farinn að þeyta lúður í Lúðrasveit Vestmannaeyja tæpra þrettán ára gamall og veturinn 1930–31 lærði hann á fiðlu hjá Þórarni Guðmundssyni í Reykjavík. Hann lék á fiðlu í danshljómsveit í Eyjum og stundaði kennslu á ýmis hljóðfæri auk þess sem hann samdi hátt í 50 lög, 21 þeirra beinlínis fyrir Þjóðhátíð Vestmannaeyja. Oddgeir endurvakti Lúðrasveit Vestmannaeyja 1939 ásamt Hreggviði Jónssyni og stjórnaði henni til dauðadags 1966. Oddgeir starfaði lengst af sem verslunarmaður, fyrst í Vöruhúsinu en varð síðar forstjóri Bifreiðastöðvar Vestmannaeyja. Hann tók að sér tónlistarkennslu í Barnaskóla Vestmannaeyja árið 1957 sem aðalstarf og kenndi þar til dauðadags. Þar stofnaði hann samfara kennslunni barnakór og lúðrasveit en einnig kom hann á laggirnar lúðrasveit í Gagnfræðaskóla Vestmannaeyja sem talin er fyrstu skólalúðrasveitin á landinu.

Í Oddgeirssyrpu sem Magnús Ingimarsson útsetti fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 1971 má heyrja nokkur af hans vinsælustu lögum, m.a. Ship ohoj, Vorvísu, Heima, Gamla gatan, Síldarstúlkurnar, Sólblunnir vangar og Vor við sæinn. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur hljóðritað syrpu tvegis fyrir Ríkisútvarpið og lék hana einnig á tónleikum sínum í Eyjum 1971 og 1975.



ÞJOTR TSJAJKOVSKÍJ

FIÐLUKONSERT

Pjotr Tsjajkovskíj (1840–1893) er eitt dádasta tónskáld 19. aldarinnar. Tónlist hans er lagræn og kraftmikil í senn og á ótal aðdáendur um allan heim enn þann dag í dag. Fiðlukonsertinn er eitt hans dádasta verk en þó hlaut það dræmar viðtökur í fyrstu.

Árið 1878 heimsótti Tsjajkovskíj fiðluleikarann Leopold Auer eina kvöldstund og færði honum fiðlukonsertinn. Auer lét sér fátt um finnast, sagðist efast um gildi verksins og að sumir staðirnir hentuðu hljóðfærinu illa. Raunar var Auer alls ekki sá sem Tsjajkovskíj hafði í huga þegar hann samdi konsertinn í Sviss vorið 1878. Þangað kom einn nánasti vinur Tsjajkovskís, fiðluleikarinn Josef Kotek. Margt hefur verið skrafað um samband þeirra Koteks og Tsjajkovskíjs og flestir virðast þeirrar skoðunar að þar hafi búið meira að baki en vináttan ein. Það lifnaði yfir tónskáldinu eftir komu Koteks og brátt var Tsjajkovskíj sjálfur sestur við að semja fiðlukonsert sem hann lauk við á ellefu dögum. Tsjajkovskíj tileinkaði Kotek ekki konsertinn og lét í það skína í bréfi til útgefanda síns að það væri gert til að ýta ekki undir slúður um samband þeirra. Að lokum var það Adolf Brodsky sem frumflutti konsertinn í Vínarborg 1881 og hlaut tileinkunina að launum.

Viðbrögð áheyrenda voru í dræmara lagi og gagnrýnendur tóku konsertinum með eindæmum illa: „Hæfileikar Tsjajkovskíjs eru uppblásnir og orðum auknir. Fiðlukonsert hans er langur og tilgerðarlegur. Hann byrjar að vísu nokkuð vel, en ekki líður á löngu þar til ruddaskapurinn tekur völdin. Þá er ekki lengur leikið á fiðluna, heldur er hún barin til óbóta.“ Sá sem ritaði þessi orð var Eduard Hanslick, virtasti tónlistarskríbent sinnar tíðar. Sagt er að Tsjajkovskíj hafi allt til dauðadags getað farið með dóm hans orðréttan fyrir hvern þann sem heyrta vildi. Fljótt urðu viðtökurnar allt aðrar enda er konsertinn meistaraverk og í honum sameinar tónskáldið silkimjúkar laglínur og kraftmikið fiðluspil á þann hátt að vart verður betur gert.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Argentínski fiðluleikarinn Ricardo Odnoposoff frumflutti fiðlukonsert Tsjajkovskíjs á Íslandi í Háskólabíói í nóvember 1963. Síðan hefur Sí flutt konsertinn 16 sinnum og meðal einleikara hafa verið Kyung-Wha Chung og Itzhak Perlman (bæði árið 1970), Boris Belkin (1977), Unnur María Ingólfssdóttir (1981), Viktor Tretjakov (1991), Jennifer Koh (1993), Sigrún Eðvaldsdóttir (1994, 1997 og í þriðja sinn í kvöld), Elfa Rún Kristinsdóttir (2003), Vadim Repin (2008) og Páll Palomares (2016).



LUDWIG VAN BEETHOVEN

SINFÓNÍA NR. 4

Ludwig van Beethoven (1770–1827) var einn þeirra listamanna sem breyttu gangi tónlistarsögunnar. Þetta gerði hann meðal annars með níu sinfóníum sem eru löngu komnar í flokk með helstu meistaraverkum vestrænnar menningar. Vínarborg var ekki miðpunktur sinfóníusköpunar í Evrópu þegar Beethoven hóf feril sinn – þar var engin sinfóníuhljómsveit með fasta tónleikaröð eins og í París eða Lundúnum – en formið hentaði tónhugsun hans með eindæmum vel. Þegar Beethoven lést var sinfónían orðin eitt stærsta og mikilvægasta form tónlistarinnar; mælikvarði á frumleika og tæknilega kunnáttu hvers tónskálds. Í höndum Beethovens varð sinfónían form mikilla átaka. Í tónlist sinni speglaði hann bæði sitt eigið sálarástand og heiminn allan í mikilfengleika sínum og fjölbreytileika.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sí hefur 21 sinnum áður flutt fjórðu sinfóníu Beethovens, fyrst undir stjórn Olavs Kielland í Þjóðleikhúsinu 1952 og aftur ári síðar. Síðan hafa m.a. stjórnað sinfóníunni þeir Igor Buketoff (1965), Jean-Pierre Jacquillat (1982 og 1985), Jerzy Maksymiuk (1995), Rico Saccani (1999), Krzysztof Penderecki (2006), Lionel Bringuier (2009) og Hannu Lintu (2011). Síðast hljómaði hún í Eldborgarsal Hörpu í síðustu viku.

„Hún er grannvaxin grísk gyðja sem stendur milli tveggja norrænna risa,“ sagði Robert Schumann eitt sinn um fjórðu sinfóníu Beethovens. Með þessu átti hann við að sú fjórða væri bæði styttri og ekki eins átakanlega dramatísk og þær sem komu á undan og eftir, Hetjuhlómkvíðan (nr. 3) og Örlagasinfónían (nr. 5). Samtímamenn Beethovens gátu líka greint þennan mun og voru hæstánægðir með að tónskáldið hefði tekið skref afturábak, enda höfðu furðulegheitin í *Eroicu* nærri riðið þeim að fullu. Gagnrýnandi *Allgemeine Musikalische Zeitung* sagði árið 1812 um þá fjórðu að hún væri „full af þeim frumleika og orku sem einkenndu fyrri verk tónskáldsins, áður en þau tóku að bjagast með ýmiss konar skringilegheitum eins og heyra má í *Eroicu* og Sveitasinfóníunni.“

Fjórða sinfónían er að mörgu leyti „klassískt“ verk, hún er þokkafull og stígur létt til jarðar. Beethoven samdi verkið að mestu sumarið 1806, skömmu eftir að hann lauk við fjórða píanókonsertinn sinn. Fjórða sinfónían var frumflutt á einkatónleikum í höll Lobkowitz greifa í Vínarborg í mars 1807, ásamt fjórða píanókonsertinum og *Coriolan*-forleiknum, sem einnig heyrðust í fyrsta sinn við sama tækifæri. Eins og fyrstu tvær sinfóníur Beethovens hefst sú fjórða á hægum inngangi, og er hann dökkur og dulúðlegur. Andstæðurnar eru sterkar og krassandi – úr *pianissimo* í *fortissimo* á örskotsstundu. Hægi kaflinn er ljóðrænt Adagio, sem raunar er síðasti verulega hægi þátturinn í sinfóníu Beethovens allt fram að þeirri níundu. Aðalstefið hljómar í fiðlum og Beethoven leggur mikla áherslu á söngræna eiginleika þess, enda hefur verið bent á að hann

hafi líklega aldrei notað ítalska orðið *cantabile* (syngjandi) jafnoft í einum kafla eins og hér. Þriðji þáttur er *scherzo*, sem merkir „brandari“ á ítölsku og tónlistin er gamansöm eftir því. Lokakaflinn er sprúðlandi, léttur og leikandi og hér sveiflar Beethoven sér fimlega milli tóntegunda. Óvæntar upptakur eru hreinlega of margar til að hægt sé að telja upp, en eitt dæmi verður látið nægja. Undir lokin hægir Beethoven rækilega á upphafsstefinu, svo það hljómar eins og hann sé um það bil að gefast upp á miðri leið – eða sé hreinlega búinn að gleyma framhaldinu – áður en hann steypir sér tvíefldur í lokatakana.

Árni Heimir Ingólfsson

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Sinfóníuhljómsveit Íslands var stofnuð 1950, sex árum eftir stofnun hins íslenska lýðveldis. Á þessum 67 árum hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands orðið ein af grunnstoðum íslensks menningarlífs. Sinfóníuhljómsveitin er skipuð um níutíu hljóðfæraleikurum, heldur vel á sjöunda tug tónleika á hverju starfsári og hljóðritar fyrir Ríkisútvarpið og alþjóðleg útgáfufyrirtæki ásamt því að fara í tónleikaferðir jafnt innan lands sem utan.

Hljómsveitin heldur úti metnaðarfullu fræðslustarfi með skólatónleikum og barna- og fjölskyldutónleikum og samstarfi við unga tónlistarnema. Hljómsveitin hefur vakið alþjóðlega athygli og laðar til sín hljómsveitarstjóra og einleikara á heimsmælikvarða.

Haustið 2016 tók franskur hljómsveitarstjórinn Yan Pascal Tortelier við stöðu aðalhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gegnir henni til næstu þriggja ára. Finnski hljómsveitarstjórinn Osmo Vänskä er aðalgeststjórnandi hljómsveitarinnar og heiðursstjórnandi er Vladimir Ashkenazy.



HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

1. MARS 2017

1. FIDLA

Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Pálína Árnadóttir
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Pascal La Rosa
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir

2. FIDLA

Joaquín Páll Palomares
Vera Panitch
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Kristján Matthíasson
Dóra Björgvinsdóttir
Greta Guðnadóttir
Þórdís Stross
Christian Diethard
Roland Hartwell
Margrét Þorsteinsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Sesselja Halldórsdóttir
Sarah Buckley
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Kathryn Harrison
Mark Reedman

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Júlia Mogensen
Margrét Árnadóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Þórir Jóhannsson
Richard Korn
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Felicia Greciuc
Matthías Nardeau

KLARÍNETT

Argunnur Árnadóttir
Grímur Helgason

FAGOTT

Michael Kaulartz
Eugenie Ricard

HORN

Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Lilja Valdimarsdóttir
Frank Hammarin

TROMPET

Einar St. Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Carl Roine Hultgren

HARPA

Elisabet Waage

CELESTA

Eggert Pálsson

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Osma Vänskä *aðalgestastjórnandi*
Vladimir Ashkenazy *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*

MAXÍMÚS HEIMSÆKIR HLJÓMSVEITINA

Á skóla- og fjölskyldutónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í fyrramálið verður ævintýrið um Maxímús Músíkús flutt undir stjórn Hallfríðar Ólafsdóttur. Þar munu tónleikagestir líka syngja með hljómsveitinni tvö lög: Lagið hans Maxa og Kvæðið um fuglana. Í sögunni um Maxa eru yngstu hlustendurnir leiddir inn í töfraheim klassískrar tónlistar þar sem hljóðfæri hljómsveitarinnar eru kynnt til leiks eitt af öðru. Ævintýrin fjögur um Maxa hafa notið fádæma vinsælda hér heima fyrir og erlendis en bækurnar um músina hafa verið þýddar á fjölmörg tungumál. Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og Þórarinn Már Baldursson víóluleikari, höfundar ævintýranna um Maxímús Músíkús, eru bæði fastráðnir hljóðfæraleikarar við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Sinfóníuhljómsveit Íslands þakkar skólunum og nemendum þeirra gott samstarf í aðdraganda tónleikanna.

Maurice Ravel Bóleró

Ludwig van Beethoven úr Örlagasinfóníunni

Aaron Copland Hátíðargjall

Sigvaldi Kaldalóns Á Sprengisandi

Hallfríður Ólafsdóttir Lagið hans Maxa

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Hallfríður Ólafsdóttir hljómsveitarstjóri

Sigurður Þór Óskarsson sögumaður





Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Mæðgurnar Inga Rós Ingólfssdóttir og Guðrún Hrund Harðardóttir eru samstíga í tónlistinni.

Guðrún Hrund: Maður hefur verið viðloðandi sveitina alla tíð. Í Háskólabíói fékk ég að vera í fatahenginu og hljóp svo inn á svið sem blómadama. **Inga Rós:** Einmitt, það veitti þér auðvitað innsýn í þennan heim mjög snemma. **Guðrún Hrund:** Já, þetta var dýrmætt.

Þekktar tónlistarfjölskyldur eru þó nokkrar í tónlistarsögunni, bæði þegar kemur að tónskáldum og flytjendum. Í því sem stundum er kallað sígild tónlist er Bach fjölskyldan án ef þekktasta dæmið en tónlist Johanns Sebastian Bach er reglulega að finna í efnisskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Ef tónlistarfjölskyldur fyrirfinnast á Íslandi þá tilheyra þær Inga Rós Ingólfssdóttir og Guðrún Hrund Harðardóttir svo sannarlega einni slíkri og báðar þekkja þær vel til verka meistara Bach.

Þær mæðgur eiga strengina sameiginlega, strjúka strengi sellósins og víólunnar sem líkt og fæðmast bæði í tónhæð og hljómi. Í góðu sinfónísku tónverki er engin rödd mikilvægari en önnur og í bestu tónverkunum finnst hlustandanum jafnvel að ekki sé hægt að hnika til einum einasta tóni, svo fullkominn er tónheimurinn.



GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is